



Fundargerð

Fundur í stjórn Hjúkrunar og -dvalarheimilisins Barmahlíðar.
Föstudaginn 8. júní 2018, kl. 13.00

Fundarstaður: Fundarsalur í stjórnsýsluhúsinu Maríutröð 5a.

Mætt eru; Karl Kristjánsson varaformaður, Vilberg Þráinsson í forföllum Áslaugar Bertu Guttormsdóttur, engin varamaður fékkst vegna forfalla Söndru Rúnar Björnsdóttur.

Einnig sátu fundinn Helga Garðarsdóttir hjúkrunarforstjóri og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Ársreikningur Barmahlíðar 2017

Lagður er fram ársreikningur Barmahlíðar, hjúkrunar- og dvalarheimilis. Rekstrarafkoma á árinu var jákvæð um 24,7 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir Barmahlíðar í árslok 88 millj. kr. og heildarskuldir voru 22 millj. kr. Eigið fé í lok ársins var 66 millj. kr.

Stjórn Barmahlíðar samþykkir ársreikning ársins 2017 samhljóða.

2. Uppsögn á starfi hjúkrunarforstjóra.

Erindi frá Helgu Garðarsdóttur starfandi hjúkrunarforstjóra dagsett 28. maí 2018.

Stjórn Barmahlíðar þakkar Helgu innilega störf hennar í þágu Barmahlíðar síðast liðin ár. Stjórn leggur til við sveitarstjórn að auglýst verði eftir hjúkrunarforstjóra fyrir heimilið.

Á fundinum var farið yfir það hvort gera þurfi breytingar á starfi hjúkrunarforstjóra til framtíðar. Rætt var um atriði sem mætti bæta og myndi styðja við starfið.

Önnur má (ef einhver)l: Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 13:35
